

Sp.

626. Þingsályktun

[156. mál]

um skipun samvinnunefndar atvinnurekenda og verkalýðssamtaka til þess að finna grundvöll í kaupgjaldsmálum.

(Afgreidd frá Sp. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skipi hvort um sig 2 fulltrúa í samvinnunefnd, sem hafi það hlutverk að afla árlega hverra þeirra upplýsinga, sem nefndin telur sig þurfa, um afkomu atvinnuvega landsins og hag almennings, til þess að leita megi rökstudds álit nefndarinnar, þegar ágreiningur verður um kaup og kjör, eða ætla má, að til slíks ágreinings komi.

Skýlt er Hagstofu Íslands að veita nefndinni, ef þess er óskað, aðstoð við skýrslugerð og útreikninga. Einnig getur nefndin leitað hvers konar fræðilegrar aðstoðar annars staðar, ef hún telur þess þörf.